

SKÝRSLA UNNIN FYRIR VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

# Áhrif fjölmyntavæðingar á vöruviðskipti



Rannsóknasetur  
verslunarinnar

Háskólinn á Bifröst

## Formáli

Þessi skýrsla er að mestu unnin á tímabilinu maí – ágúst 2008. Í henni er leitast við að lýsa tilteknu efnahagsástandi á Íslandi og tengja það kenningum og fræðilegri umfjöllun. Niðurstöðurnar bera þess merki að þær eru unnar áður en bankahrun varð á Íslandi í byrjun október 2008 en því fylgdu miklar breytingar á efnahags- og gjaldeyrismálum þjóðarinnar. Skýrslan er engu að síður gagnlegt innlegg í umræðu um sjálfstæði íslensku krónunnar og mat á því hvort taka beri upp annan gjaldmiðil. Hafa ber í huga að lýsing á stöðu mála hefur að sumu leyti breyst síðan skýrslan var unnin. Um leið hefur skýrslan öðlast annað og víðtækara gildi en upphaflega var gert ráð fyrir í þeirri stöðu sem íslenska krónan er komin í gagnvart öðrum gjaldmiðlum eftir atburði haustsins 2008.

Að skýrslunni unnu starfsmenn Rannsóknaseturs verslunarinnar við Háskólann á Bifröst, Kári Joensen, sem er aðalhöfundur hennar, og Emil B. Karlsson.

*Skýrslan var unnin fyrir viðskiptaráðuneytið*

*Rannsóknasetur verslunarinnar við Háskólann á Bifröst*

*Nóvember 2008*

<b>INNGANGUR</b>	<b>2</b>
<b>1. VÆGI GJALDMIÐLA Í VÖRUVIÐSKIPTUM</b>	<b>3</b>
1.1 ÁHRIF FJÖLMYNTAVÆÐINGAR Á VIÐSKIPTI	3
1.2 DÆMI UM VIÐSKIPTI Í FJÖLMYNTASAMFÉLÖGUM	4
1.3 STÆKKUN MYNTSVÆÐA EYKUR VÖRUVIÐSKIPTI	6
<b>2. FJÖLMYNTASAMFÉLAGIÐ ÍSLAND</b>	<b>8</b>
2.1 HAGUR NEYTENDA	8
2.2 ERLENDIR GJALDMIÐLAR OG OPINBER GJÖLD	9
2.3 ÚTBOÐ Á ÍSLANDI OG Á EES SVÆÐINU	10
2.4 VERÐLAGNING OG VERÐMERKINGAR	11
2.5 AFGREIÐSLUKASSAR OG GREIÐSLUKERFI VERSLANA	15
<b>3. MEST ERLEND VIÐSKIPTI Í EVRUM</b>	<b>16</b>
3.1 GENGISÁHÆTTA OG GENGISTRYGGINGAR	16
3.2 LAUN OG LÁN Í EVRUM	17
3.3 INNLEND VÖRUVIÐSKIPTI Í EVRUM	19
3.4 DAGVÖRUVERSLUN Á ÍSLANDI	21
3.5 FERÐAÞJÓNUSTA	22
3.6 GREIÐSLUKORT AUÐVELDA FJÖLMYNTAVÆÐINGU	23
3.7 GREIÐSLUKORTAUPPGJÖR MILLI LANDA	25
<b>4. HVERT STEFNUM VIÐ?</b>	<b>27</b>
<b>5. SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR</b>	<b>28</b>
<b>6. HEIMILDASKRÁ</b>	<b>29</b>

## Inngangur

Í eftirfarandi rannsóknarskýrslu er fjallað um áhrif fjölmyntasamfélags á vörumarkað. Rannsóknin var framkvæmd að beiðni viðskiptaráðherra. Eins og fram kemur í beiðni ráðherra er tilgangurinn annars vegar að skýra að hve miklu leyti erlend mynt er notuð í verslun og á vörumarkaði hér á landi, hvaða erlendu gjaldmiðlar eru mest í umferð í versluninni og hvað hindrar að erlend mynt sé notuð hér við kaup á vörum og þjónustu. Þá er einnig fjallað um hvaða breytingar þyrftu að eiga sér stað á vörumarkaði til að taka upp annan gjaldmiðil hér á landi. Einnig er í skýrslunni fjallað um hver líkleg þróun fjölmyntasamfélags er á vörumarkað til næstu ára.

Skýrslan byggir á rannsóknum og fræðilegum úttektum á áhrifum þess að eiga vöruviðskipti í fleiri en einum gjaldmiðli. Tekin eru dæmi af reynslu annarra þjóða og þau heimfærð á íslenskar aðstæður. Þá var rætt við mikinn fjölda fulltrúa fyrirtækja, hagsmunasamtaka og fjármálastofnana og opinberra stofnana auk þess sem sendur var út spurningalisti til heildsala og iðnfyrirtækja til að greina í hve miklu mæli fyrirtæki þeirra eiga viðskipti í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum. Upplýsingar um kostnað við gengistryggingar og aðrar mikilvægar stærðir eru af skornum skammti í skýrslunni. Ástæðan er sú að slíkar upplýsingar eru hvorki fáanlegar hjá fjármálastofnunum né hjá fyrirtækjum.

# 1. Vægi gjaldmiðla í vöruviðskiptum

Árum saman var Bandaríkjadalur mest notaði gjaldmiðillinn í vöruviðskiptum í heiminum en gildi evru hefur vaxið hratt og í október 2006 var verðmæti reiðufés í evrum í umferð orðið meira en verðmæti Bandaríkjadals.<sup>1</sup> Dalurinn er þó enn veigamestur í gjaldeyrisvarasjóðum heimsins. Meðal annarra sterkra gjaldmiðla í heiminum, gjaldmiðla sem teljast til varasjóðsgjaldmiðla, má nefna breska sterlingspundið, svissneska frankann og japanska jenið.

Algengast er að hver sjálfstæð þjóð gefi út sinn eigin gjaldmiðil þó einnig þekkist vel dæmi um að nokkur lönd sameinist um einn gjaldmiðil. Það er engin leið að fullyrða um það hve margir gjaldmiðlar eru til í heiminum því eins og komið er að hér síðar þá geta nógildandi gjaldmiðlar orðið verðlausir, t.d. ef trúverðugleiki þess sem gefur hann út rýrnar verulega. Gjaldmiðlar hinna stríðshrjáðu Afganistan og Simbabve eru dæmi um þetta. Einnig má taka sem dæmi Argentínu, þar sem gjaldmiðli landsins var skipt út fyrir nýjan alls fjórum sinnum á árunum frá 1970 til 1992 í tilraun til að glíma við verðbólgu. Ætla má þó að hátt í 200 opinberir gjaldmiðlar séu í gildi hverju sinni ef horft er til þess að ríkin sem eru aðilar að Sameinuðu þjóðunum eru 192 og alla jafnan notar hvert þeirra aðeins einn gjaldmiðil en nokkur þeirra sameinast þó um mynt.

Gengi flestra gjaldmiðla er fljótandi og ræðst það í viðskiptum á gjaldeyrismörkuðum. Slíku fyrirkomulagi gengismála, sem breiddist út eftir að Bretton Woods kerfið leið undir lok árið 1973, fylgdi óvænt og talsverð aukning í flökti á gengi. Frekar hafði verið búist við því að aukinn stöðugleiki og jafnvægi næðist á gjaldeyrismörkuðum með þessu móti, þar sem gengi tæki mið af grundvallarþáttum eins og framleiðslugetu þjóða og viðskiptajöfnuði.<sup>2</sup>

## 1.1 Áhrif fjölmyntavæðingar á viðskipti

Í fjölmyntasamfélagi eru tveir eða fleiri gjaldmiðlar í umferð, jafnan einn sem hefur stöðu lögeyris í landinu, útgefinn af Seðlabanka þess, en honum til viðbótar er þá gjaldmiðill annars lands einnig til staðar. Til að hagkerfi teljist fjölmyntasamfélag er hér eftir gert ráð fyrir því að þar sé vægi gjaldmiðilsins sem er í umferð til viðbótar við lögeyri landsins (eða þann sem er ráðandi í viðskiptum innan landsins) það mikið að val á gjaldmiðli í viðskiptum hafi áhrif á ákvarðanatöku og afkomu hverju sinni. Augljóslega finnst fleiri en einn gjaldmiðill í umferð í

---

<sup>1</sup> „Euro notes cash in to take over dollar.“ (2006).

<sup>2</sup> McKinnon, 2000.

öllum opnum hagkerfum en varla er rétt að tala um slíkt sem fjölmyntasamfélag fyrr en val á gjaldmiðli er orðið þáttur sem hefur áhrif á ákvarðanatöku fólks eða hefur veruleg áhrif á afkomu þess. Með fjölmyntavæðingu er ekki átt við að fólki bjóðist t.d. að eiga viðskipti við erlenda netverslun eða að einn og einn maður þiggi laun erlendis frá. Í fjölmyntasamfélagi er þróunin gengin mun lengra, vörur og þjónusta eru auglýstar og afgreiddar í fleiri en einni mynt og launþegar semja hugsanlega við vinnuveitendur sína um laun í fleiri en einum gjaldmiðli.

Fjöl mörg dæmi eru til um lönd þar sem tveir eða fleiri gjaldmiðlar eru í umferð að staðaldri. Oft er slíkt fyrirkomulag fylgifyskur kreppuástands, þegar þegar lands missa trúna á verðgildi heimamýntarinnar og reyna þá að flytja eignir sínar og tekjur yfir í gjaldmiðil með meiri trúverðugleika. Ástandið er þá tímabundin afleiðing efnahagslegrar eða stjórnmálalegrar óstjórnar eða jafnvel stríðsátaka eins og komið verður að síðar. Hins vegar finnast einnig dæmi um fjölmyntasamfélög þar sem stöðugleiki er ríkjandi. Í slíku samfélagi hefur vinnuaflið tekjur í fleiri en einni mynt og greiðir fyrir vörur og þjónustu með hvorri sem er. Hér eru rakin nokkur dæmi um þjóðfélög sem nota fleiri en einn gjaldmiðil.

## 1.2 Dæmi um viðskipti í fjölmyntasamfélögum

Nokkur dæmi eru til um lönd sem kalla má fjölmyntasamfélög, þar sem fleiri en einn gjaldmiðill eru í umferð í miklum mæli. Sviss er eitt þessara landa, en fyrirkomulag peningamála er dálítið óvenjulegt þar í ljósi stjórnmálalegra þátta. Kúba er annað dæmi um fjölmyntasamfélag, þó afar ólíkt Sviss. Einnig má finna dæmi um fjölmyntasamfélög sem urðu til í fyrri tíð en hafa liðið undir lok, til dæmis á Íslandi og í Bandaríkjunum.

Sviss liggur í hjarta Evrópu en er eins og eyland hvað gjaldmiðil varðar því löndin allt í kringum það hafa gengið í myntbandalag og tekið upp evruna á meðan Sviss hefur haldið í svissneska frankann. Hagkerfi landsins er opið hagkerfi, hlutur innflutnings og útflutnings af þjóðarframleiðslu er með því hæsta sem þekkist. Utanríkisviðskipti eru mest við Evrópusambandslöndin en vægi þeirra í útflutningi var 61,6% árið 2006 og 78,6% í innflutningi. Erlendir ríkisborgarar telja rúm 20% af íbúum landsins og enn stærra hlutfall af vinnuafli (26% árið 2006), aðallega er það fólk frá löndum Evrópusambandsins.<sup>3</sup> Ætla má að þessi mikli fjöldi sem flyst til Sviss vegna hagstæðra atvinnutækifæra en á rætur víðsvegar um

---

<sup>3</sup> Swiss Federal Statistical Office FSO, 2008.

Evrópu auki verulega við fjölmyntavæðingu landsins. Þetta fólk á gjarnan eignir og skuldir í evrum og þiggur kannski einhver laun í evrum frá fæðingarlandi sínu, á sama tíma og það býr og starfar utan evrusvæðisins.

Víða í Sviss er hægt að greiða fyrir bæði vörur og þjónustu með evrum. Vörur í Sviss eru þó almennt verðlagðar í frönkum, óháð gengissveiflum evrunnar gagnvart frankanum. Viðskiptavinurinn hefur þá val um það hvaða mynt hann vill notað þegar komið er í verslunina. Þegar greitt er með reiðufé fær viðskiptavinurinn þó jafnan afganginn greiddan í svissneskum frönkum. Þjónustan þykir víðast sjálfsgöð en hún býður einnig upp á að seljendur hagnist á verðaðgreiningu til að hækka framlegð, á kostnað grunlausra viðskiptavina. Það er mikið á viðskiptavininn lagt að ætla honum að fylgjast stöðugt með gengi frankans og evrunnar þegar verslað er og gæta þess að velji hann að greiða með evrum fái hann rétt verð fyrir erlenda gjaldeyri sinn. Það er heldur ekki augljóst hvernig kaupmaðurinn ætti að verðleggja evrurnar.

Ef greitt er t.d. með greiðslukorti líður nokkur tími þar til viðskiptin eru gerð upp og greiðsla raunverulega innt af hendi. Frá kaupum og fram að uppgjöri ber kaupmaðurinn gengisáhættu svo greiðslufyrirkomulag viðskiptavinarins skiptir kaupmanninn máli. Þegar neytandi velur hvort greiða skuli með frönkum eða evrum ræðst það einnig af því hvernig tekjur hans skiptast eða því hvorn gjaldmiðilinn hann hefur við höndina hverju sinni og ákvörðunin er þá að jafnaði ekki tekin við afgreiðslukassann. Til langs tíma mætti ætla að vöruverð í Sviss sé jafnt í frönkum og evrum þar sem báðir gjaldmiðlar eru auðseljanlegir, en hvatinn til að reyna að hagnast á ósamhverfum upplýsingum er alltaf til staðar. Hellwig (2007) nefnir sem dæmi að farmiðasjálfsalar almenningssamgangna verðleggi evrur viðskiptavina um 5% undir markaðsgengi hverju sinni.

Sviss sótti um aðild að Evrópusambandinu árið 1992 en lagði þau áform svo til hliðar. Innganga í sambandið fæli líklega í sér upptöku evru og endalok fjölmyntasamfélagsins í Sviss en í ljósi sterkrar stöðu svissneska frankans er ekki búist við að svo verði á næstunni og fjölmyntasamfélagið heldur áfram að þróast.

Fjölmyntasamfélagið á Kúbu er gerólikt því svissneska. Efnahagur Kúbu byggir að miklu leyti á ferðaþjónustu, landið hefur pesetann sem opinberan gjaldmiðil en lögleiddi Bandaríkjadal sem gjaldmiðil í viðskiptum í kjölfar falls Sovétríkjanna. Gjaldeyristekjur frá ferðamönnum skipta Kúbverja miklu máli og lengi vel versluðu allir ferðamenn í landinu fyrir Bandaríkjadali en síðar var gefinn út skiptipeseti (e. convertible peso) sem kaupa má fyrir

dali. Á Kúbu er við líði tvískipt kerfi í verslun með vörur og þjónustu. Annan hluta þess mynda verslanir sem taka við pesetum og selja heimamönnum nauðþurftir en hins vegar eru starfræktar verslanir sem taka við Bandaríkjadöllum, og voru framan af aðeins opnar útlendingum. Þær selja innfluttar vörur sem stjórnvöld ætla heimamönnum síður að eignast. Þar var Kúbverjum lengi vel meinað að versla og gjaldmiðill slíkra verslana var dalur en er í dag skiptipeseti, sem fylgir föstu gengi gagnvart dal. Á Kúbu hefur því orðið til tvískipt hagkerfi á markaði með vörur og þjónustu. Lífskjör almennings á Kúbu eru bág og frelsi í viðskiptum afar takmarkað en þessu fyrirkomulagi tveggja mynta þar í landi verður líklega áfram viðhaldið af stjórnvöldum.

Rétt er að halda því til haga að þó að á Kúbu séu tveir gjaldmiðlar í umferð þá er val íbúa á því hvorn þeir þiggja í laun, taka að láni eða greiða af hendi fyrir vöru afar takmarkað. Svona kerfi hafta og banna valda því jafnan að ólöglegur markaður verður til meðal almennings. Slíkur svartur markaður er til á Kúbu en nú hafa stjórnvöld opnað verslanir fyrir almenning sem taka við Bandaríkjadöllum, væntanlega til að verða ekki algjörlega af þeim viðskiptum.

### 1.3 Stækkun myntsvæða eykur vöruviðskipti

Í viðamikilli rannsókn Richard Baldwin á áhrifum evrunnar á viðskipti milli landa kemur fram að löndin innan evrusvæðisins hafa ekki dregið úr viðskiptum sínum við lönd utan myntbandalagsins eftir stofnun þess.<sup>4</sup> Fyrirfram var búist við því að evran myndi auka viðskipti milli aðildarlanda myntsvæðisins, hugsanlega á kostnað viðskipta við lönd utan þess. Sú hefur ekki orðið raunin og Evrópusambandslönd utan myntbandalagsins hafa því notið góðs af tilkomu myntbandalagsins. Áætlað er að útflutningur Bretlands, Svíþjóðar og Danmerkur til evrulanda hafi aukist um 7% en löndin þrjú eru í ESB en utan myntbandalagsins. Samsvarandi aukning útflutnings milli landa innan evrusvæðisins er talinn vera um 9%. Ávinningur landanna þriggja af inngöngu í myntbandalagið í formi aukins útflutnings er því ekki mikill úr þessu heldur kom hann að mestu fram árið 1999 þegar myntbandalagið var stofnað. Það er vel hugsanlegt að vegna EES samningsins og mikilla utanríkisviðskipta Íslands við evrulöndin þá sé Ísland í sömu stöðu og löndin þrjú. Hagkvæmnin sem fylgir sameiginlegri mynt er talin skapa þessi auknu viðskipti með tilheyrandi tekjum og atvinnusköpun fyrir þjóðina. Ísland er eina landið sem notar íslensku

---

<sup>4</sup> Baldwin, 2006.



krónuna, en í fjölmyntasamfélagi á Íslandi þar sem viðskipti fara fram jöfnum höndum með krónu og t.d. evru gæti þessi ávinningur þegar hafa unnist. Þar sem Ísland er afar opið gagnvart Evrópu eru þessi áhrif eflaust að hluta til komin fram.

## 2. Fjölmyntasamfélagið Ísland

Frelsi í viðskiptum á Íslandi er mikið, hagkerfið opið og á síðustu árum hafa viðskiptatengsl við löndin í kringum okkur eflst frá því sem áður var. Samhliða því hefur fjölmyntavæðingin á Íslandi aukist á ýmsum sviðum en Ísland getur þó vart talist fjölmenntasamfélag ennþá. Hér verður fjallað um stöðu Íslands sem fjölmyntasamfélags, reynt að meta hvað vantar upp á til að Ísland teljist fjölmyntasamfélag og sjónum beint að þeim þáttum sem helst þyrfti að breyta.

### 2.1 Hagur neytenda

Sé horft til dæmigerðs neytanda þá er augljóst að hann er berskjaldaður fyrir beinni gengisáhættu taki hann á sig skuldbindingar í erlendri mynt á sama tíma og tekjur hans eru allar í íslenskum krónum. Sú þróun hefur nú þegar orðið að veruleika, eins og komið verður að síðar, að gengisbundin lán heimilanna eru orðin talsverður hluti skulda þeirra. Falli gengi krónunnar þarf sá sem skuldar í erlendri mynt einnig að kaupa gjaldeyri dýrara verði en áður til að greiða af skuld sinni. Fyrir fáum árum þekktist það varla að heimilin tækju lán í erlendri mynt en gengið hafði samt sem áður sín áhrif vegna þess að mikill hluti skulda var verðtryggður. Um miðjan september 2008 vógu þau um 25-30% af lánum heimilanna. Í litlu opnu hagkerfi eins og því íslenska er stór hluti neysluvara framleiddur erlendis og gengisáhætta sem neytendur bera vegna neyslu er því umtalsverð. Veiking íslensku krónunnar veldur, að öðru óbreyttu, hærra verði á innfluttum vörum og aðföngum til innlendrar framleiðslu sem síðan eykur verðbólguþrýsting. Gengissveiflur krónunnar hafa því bein áhrif á afborganir gengisbundinna lána og óbein áhrif á höfuðstól verðtryggðra lána í íslenskum krónum.

Ef á Íslandi væri fullmótað fjölmyntasamfélag gæti launþegi samið um kjör sín hverju sinni með það til hliðsjónar að tekjur hans fylgdu sömu gengisþróun og skuldir. Ávinningurinn væri fyrst og fremst sá að minnka sveiflur í ráðstöfunartekjum, sveiflur sem annars gæti þurft að bregðast við með minni neyslu eða notkun kostnaðarsamra neyslulána. Þegar viðskiptabankarnir hófu að veita gengisbundin húsnæðis- og neyslulán jókst skuldsetning heimilanna í erlendri mynt talsvert. Þannig buðust óverðtryggð lán á lægri vöxtum en fengust á þenslutímum hérlendis en við þetta tóku heimilin á sig talsverða gengisáhættu. Þeirri áhættu má mæta með því að færa tekjur í sömu mynt og skuldir og var það helsti hvati þess að byrjað var að ræða um laun í evrum hérlendis. Nokkur fyrirtæki hafa nú hafið greiðslu launa í evrum

en útbreiðsla gengisbundinna launa eða launa í erlendri mynt er ennþá langtum minni en hlutfall gengisbundinna skulda heimilanna.

## 2.2 Erlendir gjaldmiðlar og opinber gjöld

EES samningurinn hefur greitt veginn fyrir notkun erlendra gjaldmiðla í viðskiptum og gert fólki og fyrirtækjum kleift að nota annan gjaldmiðil en íslensku krónuna óhindrað. Hér á landi eru þó ennþá aðrir þættir til staðar sem valda því að erlendir gjaldmiðlar munu ekki verða hér allsráðandi en það eru umsvif hins opinbera í hagkerfinu, bæði ríkis og sveitarfélaga, og sú staðreynd að íslenska krónan er hér lögeyrir.

Af launum fólks og hagnaði fyrirtækja er greiddur tekjuskattur til ríkissjóðs og útsvar til viðkomandi sveitarfélags. Ríkið leggur einnig virðisaukaskatt á seldar vörur og þjónustu og í mörgum tilfellum tolla og vörugjöld. Sé vara seld fyrir evrur hérlendis þá leggst virðisaukaskattur á söluverðið alveg eins og áður. Söluaðili sem þáði greiðslu í erlendum gjaldmiðli verður þá einfaldlega að kaupa íslenskar krónur til að standa skil á virðisaukaskatti. Það sama gildir um laun. Semji starfsmaður um föst laun í erlendri mynt við vinnuveitanda hérlendis þá er verðmæti launanna í íslenskum krónum reiknað mánaðarlega, og af þeirri upphæð reiknast tekjuskattur. Þar sem gengi íslensku krónunnar er fljótandi þá breytast nafnlaun starfsmannsins í íslenskum krónum í hverjum mánuði í takti við gengissveifluna. Launin halda aftur á móti verðgildi sínu í þeirri mynt sem um var samið. Ef krónan veikist, þá hækka t.d. nafnlaun í krónum þannig að tekjuskattur og útsvar til greiðslu hækka um leið. Launþeginn hefur aftur á móti fengið greidda erlendu myntina sem orðin er sterkari gagnvart krónunni og finnur því ekki fyrir breytingunni, nema að því leyti að persónuafsláttur hans er föst stærð í íslenskum krónum og því lægri að raunvirði en áður. Skil á sköttum, útsvari og gjöldum til hins opinbera þýða að neytendur og fyrirtæki hérlendis geta ekki að öllu skipt um gjaldmiðil, krónan leikur áfram stórt hlutverk.

Annar, síst veigaminni þáttur þessu tengdur er staða hins opinbera á vinnumarkaði. Hin opinberu stjórnsýslusvið, ríkið og sveitarfélögin, eru samanlagt langstærsti vinnuveitandi landsins. Staða hins opinbera á vinnumarkaði hefur því síst minni áhrif en innheimta opinberra gjalda í íslenskum krónum á fjölmyntavæðingu landsins. Fjöldi starfsmanna ríkisins var 21.600 í 17.600 stöðugildum 1. október 2006 og þann 1. apríl 2007 voru stöðugildi

starfsmanna sveitarfélaganna um 19.000.<sup>5 6</sup> Ætla má að þetta sé um fjórðungur stöðugilda í landinu. Hið opinbera greiðir að öllum líkindum áfram laun í íslenskum krónum, sama hver þróunin verður á næstu árum innan einkageirans. Þó áður nefnt frelsi sem EES samningurinn veitir opni öðrum gjaldmiðlum greiða leið inn í hagkerfið þá mun opinberi geirinn virka sem nokkurs konar þak á fjölmyntavæðingu landsins, þ.e. á hlutdeild erlendra mynta í hagkerfinu.

### 2.3 Útboð á Íslandi og á EES svæðinu

Íslenska krónan er lögeyrir hérlendis eins og áður hefur komið fram en EES samningurinn hefur þó breytt stöðu krónunnar talsvert og ekki eingöngu á hinum almenna markaði heldur einnig hjá ríkinu. Lög um opinber innkaup kveða á um að fyrirtæki innan EES skuli njóta jafnræðis í viðskiptum við hið opinbera og að ekki sé heimilt að mismuna þeim á grundvelli þjóðernis. Erlendum fyrirtækjum er þannig gert kleift að keppa um þessa samninga til jafns við þau íslensku og á sama hátt opnar EES samningurinn þeim íslensku aðgang að innri markaði Evrópu. Fjármálaráðuneytið gefur út reglugerðir um viðmiðunarfjárhæðir vegna opinberra innkaupa og nái samningar þessum upphæðum er skylt að bjóða þá út á EES svæðinu. Þannig eru allir vöru- og þjónustusamningar ríkisins yfir 11.690.000 kr. boðnir út á EES svæðinu og það sama gildir um samninga sveitarfélaga og stofnanna þeirra yfir 17.980.000 kr.. Fyrir verksamninga eru viðmiðunarfjárhæðirnar hærri, eða tæpar 450 milljónir<sup>7</sup>.

Þegar verkkaupar eins og ríkið eða sveitarfélögin bjóða út verk yfir þessum viðmiðunarfjárhæðum eru verkin boðin erlendum verktökum jafnt sem íslenskum á markaðstorgi EES en það er ekki þar með sagt að gjaldmiðillinn sem tilboðin eru gerð í sé annar en íslenska krónan. Reykjavíkurborg býður sem dæmi út fjölmarga vöru- og þjónustusamninga, ýmist hérlendis eða á EES svæðinu öllu í svokölluðum EES útboðum. Í útboðum Reykjavíkurborgar er frumreglan sú að nota íslenskar krónur en ef um er að ræða samninga þar sem kostnaðurinn er að megninu til erlendum þá er í mörgum tilfellum tekið tillit til þess og leyft að tengja tilboð við gengi gjaldmiðils sem skráður er hjá Seðlabanka Íslands. Ef slíkt ákvæði er að finna í útboðsgögnum getur evra þannig orðið raunverulegur

---

<sup>5</sup> Fjármálaráðuneytið, 2007.

<sup>6</sup> Samband íslenskra sveitarfélaga, 2008.

<sup>7</sup> Reglugerð um viðmiðunarfjárhæðir vegna opinberra innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu og samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup nr. 807/2007.

útboðsgjaldmiðill. Með slíku fyrirkomulagi tekur verkkaupi til sín gengisáhættu sem fylgir verkefninu. Af sömu ástæðu er algengt að ef um er að ræða samninga til langs tíma þá séu sett inn ákvæði um verðtryggingu til að verktaki þurfi ekki að taka tillit til verðlagsáhættu í tilboði sínu<sup>8</sup>. Reykjavíkurborg er sökum stærðar betur í stakk búin til að ráða við gengis- og verðlagsáhættu en margir þeir verktakar sem hún semur við og einnig er það álitid andstætt samfélagslegu hlutverki borgarinnar að koma smáum fyrirtækjum í þá stöðu að þurfa að bera mikla áhættu af viðskiptum við borgina. Það væri borginni einnig beinlínis í óhag ef fyrirtæki færu illa út úr viðskiptum við hana og þætti þá síður eftirsóknarvert að semja við hana um verktöku.

Með EES samningnum var opnað fyrir aukna samkeppni um verkefni héraðs frá erlendum fyrirtækjum. Innlendu fyrirtækin hafa einnig eftir þessar breytingar færst nær evrópska markaðnum og þeim er frjálst að færa tekjur sínar frá íslenskum krónum með því að gera verkkaupum tilboð í evrum. Reglur um skil þeirra á sköttum og opinberum gjöldum í íslenskum krónum breytast ekki en svigrúm fyrirtækja til að nota evrur í rekstri sínum hefur klárlega aukist með þessari þróun.

## 2.4 Verðlagning og verðmerkingar

Samkvæmt lögum skulu auglýsingar sem höfða eiga til íslenskra neytenda skuli vera á íslensku.<sup>9</sup> Lögin fjalla um viðskiptahætti fyrirtækja í atvinnurekstri og í þeim kemur fram að Neytendastofu er heimilt að setja fyrirtækjum nánari reglur til að koma í veg fyrir að upplýsingar séu villandi eða óhæfilegar gagnvart neytendum. Í útgefnum reglum Neytendastofu frá júlí 2008 er skýrt tekið fram að verðmerkja skuli vöru og þjónustu með endanlegu söluverði í íslenskum krónum.<sup>10</sup> Það er á höndum Neytendastofu að framfylgja þessum lögum og jafnframt þeim reglum sem stofnunin bætir við lögin. Á síðustu misserum hafa ýmis fyrirtæki sem bjóða til sölu vöru og þjónustu héraðs hafið að auglýsa verð sín í evrum. Ástæða þessa er augljós, söluaðilar sem flytja inn vörur til Íslands vilja forðast að taka gengisáhættuna sem fylgir því að semja um kaup á vörum fyrir evrur til að selja þær síðar fyrir íslenskar krónur. Sem dæmi um þetta má nefna að fyrirtækið Og fjarskipti ehf., sem

---

<sup>8</sup> Viðtal við Helga Bogason, deildarstjóra innkaupamála Reykjavíkurborgar. 24. september 2008

<sup>9</sup> *Lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins* nr. 57/2005 með síðari breytingum nr. 50/2008.

<sup>10</sup> Reglur um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar nr. 725/2008.

býður fjarskiptaþjónustu undir nafninu Vodafone á Íslandi, birtir verðskrá sína fyrir reikisímtöl í evrum.<sup>11</sup> Reikisímtal er símtal utan þjónustusvæðis fyrirtækisins sem er beint í gegnum kerfi annars fyrirtækis gegn þóknun. Viðskiptavinir Vodafone greiða áfram reikninga í íslenskum krónum en gjaldtaka fyrir þessa tilteknu þjónustu byggir á fastri upphæð í evrum og svo gengi krónunnar hverju sinni. Ástæðan er sú að þessi þjónusta er veitt viðskiptavinum Vodafone af þriðja aðila, erlendum fjarskiptafyrirtækjum sem svo rukka Vodafone fyrir viðvikið. Kostnaðurinn sem fellur á Vodafone er því í erlendri mynt og þjónustan verðlögð eftir því. Annað dæmi er fyrirtækið Íshlutir, sem selur vinnuvélar, fyrst og fremst til jarðvinnuverktaka. Fyrirtækið flytur inn vélar til sölu og í mars á þessu ári hóf það að auglýsa vélar til sölu fyrir evrum. Fyrir seljanda er verðlagning einfaldari ef söluverð er í sömu mynt og þeirri sem hann greiðir birgja sínum með, því þá þarf ekki að taka tillit til mögulegrar veikingar tekna gagnvart kostnaði vegna gengisbreytinga. Fyrir viðskiptavin þýðir þetta að verð vörunnar, mælt í íslenskum krónum, breytist stöðugt í takt við gengi erlendu myntarinnar gagnvart krónu. Hann ber því gengisáhættuna, nema þá að tekjur hans séu í sömu erlendu mynt. Í viðtali við Morgunblaðið segir Hjálmar Helgason framkvæmdastjóri frá fyrirætlunum Íshluta um að gefa einnig út reikninga fyrirtækisins í evrum. Sama skoðun kom fram hjá framkvæmdastjóra Öskju, söluaðila Mercedes Benz á Íslandi. Askja flytur inn fólksbíla og vinnuvélar, sem flokkast þá ýmist sem varanlegar neysluvörur eða atvinnutæki. Leifur Örn Leifsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, bendir á að þegar bílar eru sérpantaðir séu gefin upp verð sem svo breytast þegar komið er að afhendingu vegna gengisbreytinga. Fram kemur þó í máli hans að bílar sem seldir eru af lager séu enn verðlagðir í krónum. Viðskiptahættir fyrirtækisins virðast því vera þeir að endurskoða verð reglulega með hliðsjón af gengisbreytingum krónunnar, og þegar um er að ræða vörur sem seldar eru af lager þá sé veltuhraði birgða nægur til að halda ásettu verði í krónum. Gengisáhætta eykst eftir því sem tíminn frá verðlagningu að sölu eykst og fyrirtækið hefur með þessu varpað þeirri áhættu á viðskiptavininn, nema þá að viðskiptavinurinn hafi fyrirfram kosið að greiða með evrum.

Fyrirtæki sem kaupir vörur fyrir erlenda mynt og flytur inn til sölu á Íslandi getur mætt gengisáhættunni sem því fylgir með því að verðleggja vöruna í innkaupsmyntinni eins og rætt var hér að ofan. Áhrif gengissveiflnanna eru þó ekki að fullu horfin þó verðlagningu sé hagað með þessum hætti. Þegar um er að ræða kaupendur sem hafa tekjur í íslenskum krónum þá horfa þeir fyrst og fremst til verðsins í krónum svo að gengissveiflur skila sér samstundis út í

---

<sup>11</sup> Verðskrá fyrir reikisímtöl í evrum, 2008.

verð vörunnar. Veiking krónunnar hækkar því verð til viðskiptavinar og kaup á vörunni eru ekki jafn eftirsóknarverð og áður. Sé eftirspurn vörunnar ekki mjög óteygin þá veldur styrking krónunnar aukinni eftirspurn og veiking dregur úr eftirspurn. Gengissveiflur hafa því áfram áhrif á tekjur fyrirtækisins, nú gegnum selt magn fremur en söluverð vörunnar. Fyrir neytanda sem notar alla jafnan íslenskar krónur við kaup á vörum og þjónustu þá er óhagræði falið í því fyrir hann að vörur séu verðmerktar í annarri mynt. Með því að verðleggja vörur í innkaupsmyntinni ber kaupandinn alla gengisáhættuna sem fylgir innfluttum vörum. Þegar um er að ræða t.d. dagvöru þá eru fyrirtækin mun betur í stakk búin til að stjórna þessari áhættu en heimilin sökum stærðar. Fyrirtækin ráða betur við skammvinnar sveiflur í gengi en heimilin geta helst mætt þeim með því að breyta stöðugt neyslu sinni með tilheyrandi óhagræði.

Viðskipti milli fyrirtækja hérlendis fara að hluta til, og í auknum mæli, fram á verðlagi sem endurspeglar fullkomlega gengi evru. Veruleikinn er víða orðinn sá að þó svo að heildsali eða innflytjandi gefi út reikninga í íslenskum krónum þá er verðið á reikningnum hverju sinni reiknað með tilliti til gengi krónunnar gagnvart innkaupsmyntinni þann dag sem varan er seld. Seljandinn hefur þá verðlagt vöru sína í erlendri mynt en innheimtan fer þó nær eingöngu fram í íslenskum krónum samkvæmt venju. Fyrirtæki sem þurfa að taka mið af gengisáhættu þegar þau verðleggja vörur munu væntanlega setja verð á þá áhættu og hækka álagningu vörunnar sem því nemur. Þegar verð í krónum er ekki ákveðið langt fram í tíman heldur reiknað hverju sinni miðað við gengi er fyrirtækið laust við gengisáhættuna en viðskiptavinurinn situr uppi með hana og veit ekki hvort það t.d. hækki eða lækki á morgun. Sá hátturinn er víða hafður á. Í máli Boga Þórs Siguroddssonar, stjórnarformanns Johann Rönning hf. kom fram að sala á vörum til fyrirtækja og verktaka byggji fyrst og fremst á tilboðum sem þá eru tengd gengi erlendra myntar hverju sinni. Söluverð í íslenskum krónum tekur því mið af gengi erlendra mynta og Johann Rönning hf. ber því ekki beina gengisáhættu af þessum viðskiptum.<sup>12</sup>

Annað dæmi um slíkt fyrirkomulag verðlagningar er frá fyrirtækinu Stjörnu-Odda sem framleiðir rafeindabúnað til fiskirannsóknna. Fyrirtækið greiðir fyrir öll aðföng í framleiðslu rafeindabúnaðarins í erlendum gjaldmiðli og verð til innlendra kaupenda látið fylgja þróun gengisins á hverjum tíma, þannig að fyrirtækið tekur ekki gengisáhættu heldur hinn endanlegi

---

<sup>12</sup> Viðtal við Boga Þór Siguroddsson. Febrúar 2008

kaupandi tæknibúnaðarins sem Stjörnu-Oddi framleiðir fyrir, sem eru nánast eingöngu opinberar rannsóknastofnanir.<sup>13</sup>

Þó að gengisbreytingum sé mjög víða velt beint út í verðlag innfluttra vara hérlendis þá er það ekki algilt því að þó svo að sveiflurnar breyti framlegð vöru mjög hratt þá geta verslanaeigendur ekki einblínt á þá stærð. Í því fákeppnisumhverfi sem er algengt hér á landi þá bítast verslanir um markaðshlutdeild og fylgjast grannt með samkeppnisaðilanum. Áhrif slíkrar samkeppni eru að heildsalar halda verði í íslenskum krónum óbreyttu á meðan þeir telja sér það fært. Hækki þeir verð á meðan samkeppnisaðilinn gerir það ekki er líklegt að neytendur beini viðskiptum sínum annað og markaðshlutdeild lækki. Neikvæð fjölmiðlaumfjöllun sem búast má við ef verð taka að hækka mikið er einnig nokkuð sem verslunareigendur vilja forðast, svo að aðhaldið er úr fleiri en einni átt. Framlegð verslunarinnar er því sú stærð sem er helst næm fyrir sveiflum í gengi krónunnar því lækkun gengisins, og samsvarandi hækkun á innkaupsverði frá útlöndum, er í mörgum tilfellum mætt með því að halda útsöluverði föstu en lækka framlegð. Sveiflur sem þessar í afkomu verslana þrýsta á að þær hagræði í rekstri sínum m.t.t. birgðastjórnunar og gengisvarna svo þær séu betur í stakk búnar til að takast á við gengisóvissuna. Þær sem ná fram hagkvæmasta rekstarforminu ættu að geta haft lægri álagningu en keppinautarnir, boðið lægra verð og náð tryggri stöðu á markaðnum. Í viðtölum við aðila á heildsölumarkaði kom fram að algengt er að innfluttar vörur séu verðlagðar á daggengi hverju sinni en þegar um er að ræða vörur sem keyptar eru oft og í miklu magni þá sé verði haldið föstu þar til gengisbreytingin sé orðin 5-10%. Samkvæmt viðtölum við fulltrúa stærstu verslanakeðjanna á dagvörumarkaði ræður samkeppni miklu um verðbreytingar og notkun verslana á gengistryggingum veldur því að veiking að styrking krónunnar hefur ekki áhrif samstundis heldur oft með nokkurra vikna töl. Svipaðar aðstæður eru á markaði með sérvörur eins og varanlegar neysluvörur og rafmagnstæki þar sem verðsamkeppni er hörð. Líklegt er þó að gengissveiflur komi fram síðar á sérvörumarkaði þar sem innkaup eru ekki jafn tíð og á dagvörumarkaði og verð því ekki uppfærð jafn ört.

Verslanarekstri í því umhverfi sem hér ríkir fylgir mikil gengisáhætta. Stór hluti neysluvara er innfluttur, verðlagning í íslenskum krónum er ráðandi og gengisáhættan fellur á verslunarfyrirtækin. Í ágúst síðastliðnum vógu innfluttar vörur 35,2% af grunni vísitölu

---

<sup>13</sup> Viðtal við Sigmar Guðbjörnsson framkvæmdastjóra Stjörnu – Odda 9. júlí 2008



neysluverðs.<sup>14</sup> Þau 64,8% sem eftir standa eru vörur og þjónusta framleidd héraðslendis en oft með innfluttum aðföngum, t.d. hráefnum til matvælaframleiðslu eða olíu. Eins og fram hefur komið hafa nokkur fyrirtæki brugðist við með því að verðleggja vörur sínar einfaldlega í evrum. Áhættunni er þannig velt yfir á þá kaupendur sem hafa tekjur fyrst og fremst í íslenskum krónum. Þessi þróun héraðslendis er á byrjunarstigi en líklegt er að aukning í verðmerkingum og launagreiðslum í erlendri mynt héraðslendis haldist í hendur.

## 2.5 Afgreiðslukassar og greiðslukerfi verslana

Til að verslanir verði færar um að starfa með hagkvæmum hætti í fjölmyntasamfélagi héraðslendis þyrfti ekki að gera stórvægilegar breytingar og ekki er þörf á mikilli fjárfestingu í afgreiðslukerfum eða öðrum tölvubúnaði. Samkvæmt upplýsingum frá fulltrúum stærstu verslunarfyrirtækja landsins er einfalt mál að nota núverandi kassakerfi og viðskiptahugbúnað þó skipt væri um gjaldmiðil í verslunum þeirra. Val á gjaldmiðli hefur lítil áhrif á daglega starfsemi verslana. Skipta þyrfti um verðmerkingar þar sem við á en það er aðeins upphafskostnaður sem fellur til einu sinni. Verslunarahverfi fjölmyntasamfélags væri að einhverju leiti frábrugðið því sem nú er gagnvart neytandanum. Til dæmis birta afgreiðslukassar nú jafnan verð í íslenskum krónum en í stað mætti hugsa sér að tvö verð birtust og að viðskiptavinurinn tilgreindi hvaða gjaldmiðil hann vildi nota. Verðlagning verslunar á vörum er væntanlega bundin við einn gjaldmiðil eins og áður var rætt en til að verslun sem t.d. verðleggur vörur sínar í íslenskum krónum birti verð í evrum þarf hún að auki að verðleggja evrunar. Líkleg yrði ekki mikill breytileiki milli verslana í þeirri verðlagningu, sér í lagi fyrir stærri og dýrari vörur, t.d. varanlegar neysluvörur, því neytendur ættu auðvelt með að skipta gjaldeyri sínum í banka ef ágóðinn væri af því fyrir þá. Þegar um er að ræða lágar upphæðir er ekki víst að verðlagningin yrði jafn gegnsæ.

---

<sup>14</sup> Hagstofa Íslands, (á.á.).

### 3. Mest erlend viðskipti í evrum

Nái einhvers konar fyrirkomulag fjölmyntasamfélags að festa sig í sessi á Íslandi má ætla að áhrifin yrðu að einhverju leyti sambærileg við það að ganga í myntbandalag. Frá janúar til júlí 2008 nam vöruútflutningur frá Íslandi 241,0 milljörðum króna.<sup>15</sup> Þar af var hlutur útflutnings til EES svæðisins 77,7% af heildinni en útflutningur til Bandaríkjanna vó 6,9%. Á sama tímabili voru fluttar inn vörur fyrir 307,1 milljarð og nam þar hlutur EES svæðisins 66,8% og innflutningur frá Bandaríkjunum nam 8,0% af heildinni. Viðskiptin við lönd innan EES fara að langmestu leyti fram í evrum svo það er ljóst að langstærstur hluti gjaldeyrstekna íslenskra fyrirtækja er í evrum. Nái einhver erlendur gjaldmiðill sterkri fótfestu hér á landi er því evran líklegri til þess en aðrir.

#### 3.1 Gengisáhætta og gengistryggingar

Þegar viðskipti fara fram milli tveggja aðila sem alla jafnan nota hver sinn gjaldmiðilinn þarf annar augljóslega að kaupa gjaldmiðil hins og gerir það á þeim kjörum sem markaðurinn býður upp á hverju sinni. Í slíkum viðskiptum er því til staðar gengisáhætta til viðbótar við alla aðra þá áhættu sem viðskiptunum fylgja. Fyrirtæki sem flytja vörur hingað til lands búa við stöðuga gengisáhættu því þau greiða fyrir vörurnar með erlendri mynt en sölutekjurnar eru í íslenskum krónum og krónan er sjálfstæður fljótandi gjaldmiðill. Eitt ráð við þessu vandamáli er að löndin sem eru í viðskiptum noti einn og sama gjaldmiðilinn. Þegar 15 lönd Evrópusambandsins stofnuðu til myntbandalags Evrópu voru þessi rök ofarlega á blaði, þ.e. að sameiginleg mynt eyði áhættu vegna gengisóvissu í viðskiptum og auki á gegnsæi í verðsamanburði milli landa. Íslenska krónan er meðal smæstu sjálfstæðu gjaldmiðla í heiminum og fyrir íslenskt fyrirtæki sem á í miklum viðskiptum við útlönd er augljóst að rekstur og áætlanagerð, sér í lagi gerð fjárhagsáætlana, er háð meiri óvissu en ella. Óvissan veldur því að fyrirtækin gera áætlanir til skemmri tíma en þau gætu gert í stöðugra umhverfi, eða þá sömu áætlanir og þau annars hefðu gert með mun meiri líkum á að þær standist ekki. Á heildina lítið verður fjármögnun fyrirtækjanna dýrari. Ein leið til að tryggja stöðugt gengi fram í tímann er að gera framvirkan samning eða valréttarsamning um kaup á gjaldeyri við banka eða fjármálastofnun. Með þeim hætti getur fyrirtæki t.d. tryggt sér hámarksverð sem það mun greiða fyrir erlendan gjaldeyri fram í tímann. Verðlagningu gjaldeyris fram í tíman


---

<sup>15</sup> Verðin eru fob (free on board), þ.e. verð vörunnar komin um borð í flutningsfar í útflutningslandi

fylgir áhætta sem bankageirinn verðleggur og fyrir samninga sem þessa er greidd þóknun. Valréttarsamningar geta reynst verðlausir og framvirkir samningar fyrirtækinu óhagstæðir þegar upp er staðið en koma sér vel ef gegni sveiflast óvænt fyrirtækinu í óhag. Slíkar gengistryggingar einfalda því áætlanagerð en á móti fellur kostnaðurinn sem þeim fylgir á fyrirtækið. Þeir eru því ómaksins virði ef ávinningurinn í formi nákvæmari áætlana og lægri kostnaðar við fjármögnun yfirvinnur kostnaðinn við þá. Fram kom í fyrrnefndum viðtölum Rannsóknasetursins við stjórnendur fyrirtækja á vörumarkaði að allir hefðu skoðað notkun gengistrygginga ítarlega. Flest allir þeirra stjórnenda sem rætt var við greindu frá því að fyrirtæki þeirra geri framvirka samninga um kaup á gjaldeyri við sína viðskiptabanka. Allmennt var það því skoðun manna að þessar varnir væru nauðsynlegar en þó var greinilegt að margir veltu því fyrir sér að fara aðrar leiðir eftir að hafa tapað á sínum samningum. Líklegt er að árangur af gengisvörum til skamms tíma hafi haft nokkur áhrif á svörin. Íslenska krónan styrkist talsvert á fyrrihluta ársins 2007 og þeir innflytjendur sem þá höfðu samið um fast gengi nutu ekki ávinnings af því. Krónan gaf þó eftir síðar á árinu 2007 og hafði veikst nokkuð þegar viðtölin fóru fram snemma á árinu 2008.

### 3.2 Laun og lán í evrum

Á síðustu árum hafa fyrirtæki á Íslandi í auknum mæli hafið greiðslu launa í evrum til starfsmanna sinna. Þessar launagreiðslur eru hluti af viðtækari þróun íslensks efnahagslífs og örum breytingum undanfarinna ára. Viðskiptabankarnir á Íslandi hófu að veita einstaklingum lán til íbúðakaupa árið 2004 og buðu upp á lán að hluta eða öllu leyti í erlendri mynt. Húsnæðislán sem þessi eru langtímaskuldbinding, jafnan til 40 ára. Á sama tíma jukust einnig lántökur heimila til skemmri tíma í erlendri mynt til bílakaupa, og annarrar neyslu. Á þessum árum, frá 2002 fram á mitt ár 2007 var gengi íslensku krónunnar hátt skráð og laun hækkuðu hér hratt. Á skömmum tíma óx því kaupgeta íslenskra heimila á erlendum vörum og neytendur nýttu sér þessi kjör. Í tölum Hagstofu Íslands kemur fram að á árunum frá 2002 til 2007 jókst einkaneysla heimila alls um 40,7% á föstu verðlagi og um 67,1% á breytilegu verðlagi. Tölur um notkun kreditkorta sýna þessa þróun einnig glögglega en frá byrjun árs 2005 og út árið 2007 var 12 mánaða vöxtur kortaveltu yfir 17% að jafnaði. Samhliða þessari miklu neyslu og ört vaxandi eftirspurn hækkað verð á húsnæði stöðugt, yfir þriggja ára tímabil frá desember 2004 til desember 2007 nam verðhækkun íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu til að mynda 58,1%. Á þessum þenslutímum jukust skuldir heimilanna hratt en ólíkt fyrri árum þá voru lán



**Mynd 1. Hlutfall gengisbundinna skulda af heildarskuldum heimila við bankakerfið**

heimilanna ekki eingöngu tekin í íslenskum krónum heldur var neyslan að hluta fjármögnuð með lánum í erlendri mynt. Á mynd 1 sést hlutfall gengisbundinna skulda af heildarskuldum heimilanna við bankakerfið samkvæmt tölum frá Seðlabanka Íslands. Í september 2008 námu gengisbundnar skuldir heimila landsins við bankakerfið tæpum 277 milljörðum króna og hafði þá hlutur þeirra í heildarskuldum heimilanna við bankakerfið vaxið úr 1-2% árið 1998 upp í 27%. Vöxtur þessara skulda í íslenskum krónum hefur verið mjög hraður síðustu misseri, ekki eingöngu vegna nýrrar lántöku heldur vegna þessa að krónan hefur veikt talsvert. Það sama gerðist þegar krónan veiktist um skeið árið 2001 en ekki með jafngerandi hætti og nú enda jókst erlend lántaka verulega í millitíðinni. Í ljósi þessarar auknu skuldsetningar íslenskra heimila í erlendri mynt er vaxandi eftirspurn eftir launum í erlendri mynt eðlileg. Ef sú þróun gengur eftir, leiðir hún til eftirspurnar eftir auknum viðskiptum í evrum. Tekjur fjölmargra fyrirtækja hérlandis eru í erlendri mynt eða gengisbundnar í íslenskum krónum. Á þetta fyrst og fremst við útflutningsfyrirtækin, t.d. í sjávarútvegi eða annarri framleiðslu, en einnig við þjónustufyrirtæki sem sækja á markaði utan landsteinanna t.d. ferðaþjónustufyrirtæki, fjármálafyrirtæki og fleira. Fyrir slík fyrirtæki eru launagreiðslur í erlendri mynt ekki slæmur kostur. Laun eru oft mjög stór hluti rekstrarkostnaðar fyrirtækja og enn sem komið er fyrst og fremst greidd í íslenskum krónum. Það er eðlilegt að fyrirtækin vilji losa sig við gengisáhættuna sem þau búa við með því að flytja kostnaðarliði yfir í t.d. evrur til samræmis við tekjur.

Ýmis hagsmunasamtök atvinnurekenda hafa undanfarin misseri lýst yfir óánægju með núverandi fyrirkomulag peningamála og hvatt til að tekin verið upp önnur mynt. Stjórn

Samtaka verslunar og þjónustu, sem eru hagsmunasamtök smásöluverslana í landinu, fól Evrópunefnd sinni á síðasta ári að fjalla um það hvort annar gjaldmiðill en krónan sé vænlegur fyrir hag félagsmanna sinna. Stjórn SVÞ tók undir niðurstöðu nefndarinnar um að íslensk stjórnvöld ættu að lýsa yfir vilja til að undirbúa viðræður við ESB um aðild, meðal annars til að taka í kjölfarið upp evru.<sup>16</sup> Sterkar raddir um upptöku evru hérlendis hafa heyrst frá Samtökum atvinnulífsins, sér í lagi eftir að dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason, velti upp þeirri hugmynd að sækja um aðild að myntsamstarfinu á grundvelli EES samningsins og þá án fullrar aðildar að ESB.<sup>17</sup> <sup>18</sup> Í máli SVÞ kemur meðal annars fram að mikill óstöðugleiki og hátt vaxtastig skapi verslunar- og þjónustufyrirtækjum afar erfiðar aðstæður.

Meðal þeirra íslensku fyrirtækja sem greiða starfsmönnum sínum í erlendri mynt má nefna Marel ehf. sem hóf á þessu ári að greiða hluta launa í evrum, kjósi starfsmaður það. Fjármálafyrirtækið Exista tilkynnti nýlega að laun stjórnar væru nú greidd í evrum og að almennum starfsmönnum fyrirtækisins byðist að þiggja laun í evrum. Starfsmenn þessara fyrirtækja hafa því val um skiptingu launagreiðslna milli gjaldmiðla.

En það eru ekki eingöngu stór útflutningsfyrirtæki og fjármálafyrirtæki hérlendis sem beina athyglinni að evrunni. Í kjarasamningum Alþýðusambands Íslands við Samtök atvinnulífsins í febrúar 2008 var kveðið á um að atvinnurekendum og launafólki sé heimilt að semja um laun í erlendum gjaldmiðli eða miða laun við hann. Samningarnir fela ekki í sér að launþegar skuli fá laun greidd í evrum heldur gera atvinnurekendum kleift að semja við launafólk innan ASÍ með þessum hætti. ASÍ eru stærsta fjöldahreyfing launafólks á Íslandi og möguleg áhrif þessa samnings eru mikil. Að sögn Magnúsar Norðdahl hefur þó áhugi á slíkum launasamningum snarlega dregist saman.<sup>19</sup> Ætla má að sókn í evrulaun haldist í hendur við framboð neytendalána í evrum hérlendis.

### 3.3 Innlend vöruviðskipti í evrum

Fjölmyntavæðing ætti að hafa áhrif á verðlag og verðbreytileika innan þeirra svæða sem hún nær til. Kenningin um kaupmáttarjöfnuð, sem byggir á lögmálinu um eitt verð, segir að ef frá eru talin áhrif flutningskostnaðar, tolla og annars viðskiptakostnaðar eigi vöruverð í tveimur

---

<sup>16</sup> Samtök verslunar og þjónustu, 2008.

<sup>17</sup> Samtök atvinnulífsins, 2008.

<sup>18</sup> Björn Bjarnason, 2008.

<sup>19</sup> Viðtal við Magnús Norðdahl, deildarstjóra lögfræðideildar ASÍ. 4. september 2008

löndum, mælt í gjaldmiðli hvors sem er, að vera það sama. Eftir því sem viðskiptakostnaður hækkar þá eykst verðmunur. Sameining myntsvæða ætti því að minnka verðbreytileika milli þeirra landa sem um ræðir með því að liðka fyrir verðsamanburði og auka þannig gegnsæi. Niðurstaðan er þá sú að verðlag hækkar í löndum þar sem það var lágt fyrir en lækkar þar sem það var hátt. Verðlag á Íslandi er með því hæsta sem þekktist. Ef fjölmýntavæðing hérlendis verður með þeim hætti að fólk hefur t.d. Bandaríkjadali eða evrur milli handanna í auknum mæli og sér vörur verslana merktar í þeim myntum þá eykst verðvitund neytenda. Þó að tilboð á vörum og þjónustu í öðrum gjaldmiðlum en krónum séu öllum aðgengileg í dag, t.d. frá fjölmörgum netverslunum, og samanburður á verði í sitt hvorum gjaldmiðlinum sé ekki flókið mál þá liðkar það fyrir viðskiptum ef verð eru gefin upp í þeirri mynt sem fólk notar dags daglega. Fyrirhöfn viðskiptavinar við að finna verða á vöru og svo verð viðkomandi gjaldmiðils til að geta reiknað verðið í annarri mynt og gert verðsamanburð er augljóslega slík að ekki er hægt að ætlast til þess að fólk geri þann samanburð með nákvæmu hætti þegar í verslunina er komið. Ef verslun birtir ekki vöruverð í þeim gjaldmiðli sem viðskiptavinurinn óskar eftir að greiða með má búast við því að hann beini viðskiptum sínum annað, sé vöruverðið ekki þeim mun lægra. En það eru fleiri þættir sem hamla útbreiðslu erlendra gjaldmiðla á vörumarkaði hérlendis. Neytendasamtökin brugðust nýlega við fyrirspurnum frá fólki sem hefur þurft að greiða sínum viðskiptabanka þóknun fyrir að taka út eigið fé af gjaldeyrisreikningum. Í frétt samtakanna frá því í júní 2008 kemur fram að bankarnir innheimta gjald sem nemur 1,5% af úttektarupphæð til að mæta þeirri áhættu eða kostnaði sem fylgir því liggja með gjaldeyri.<sup>20</sup> Samkvæmt athugun Neytendasamtakanna var Byr sparisjóður eini bankinn sem ekki innheimti slíkt gjald. Þessi þóknun verður að teljast umtalsverð og líkleg til þess að draga verulega úr hreyfingum viðskiptavina á því fé sem lagt er inn á þessa reikninga. Gjalddeyrisreikningar þeir sem bankarnir bjóða henta því ekki vel til að geyma ráðstöfunarfé neytenda. Neytendasamtökin benda hreinlega á að hagkvæmara geti verið að geyma peninginn undir koddanum. Lausleg könnun á þjónustu bankanna benti einnig til þess að ekki sé mögulegt að fá útgefið debetkort tengt gjaldeyrisreikningi.

Í athyglisverðri rannsókn sem gerð var á verðlagningu netverslana innan Evrópusambandsins kemur aftur á móti fram að verð innan evrusvæðisins hafi hækkað með tilkomu evrunnar séu þau borin saman við lönd ESB utan myntbandalagsins.<sup>21</sup> Þeim sem versla um netið bjóðast mjög öflugar leitarvélar sem safna saman þeim tilboðum sem standa til boða á netinu og gera

---

<sup>20</sup> Neytendasamtökin, 2008.

<sup>21</sup> Baye, Gatti, Kattuman & Morgan, 2002.

notendum kleift að bera saman verð milli verslana og finna það ódýrasta með lítilli fyrirhöfn. Slík þjónusta minnkar fyrirhöfn viðskiptavinarins við leit að lægsta verðinu, lækkar þar með viðskiptakostnað og ætti að auka samkeppni. Margar netverslanir keppast fyrst og fremst við að bjóða lágt verð en með tilkomu evrunnar harðnaði sú samkeppni og einhverjar þeirra misstu markaðshlutdeild sína. Hluti viðskiptavina leitar alltaf að lægsta verðinu en aðrir halda tryggð við ákveðnar verslanir eða vörumerki eða leita ekki út fyrir sitt eigið heimaland. Samkeppnin getur valdið því að verslun í heimalandi viðskiptavinar gefist upp á að keppa við erlenda aðila um lægsta verðið og einbeiti sér að viðskiptavinum sem eru tilbúnir að greiða meira fyrir t.d. að versla við aðila frá eigin landi. Séu markaðir niðurbrottnir á þennan hátt er hætt við að aðeins hluti neytenda njóti ávinnings.

### 3.4 Dagvöruverslun á Íslandi

Umræða um verslun með mat og drykkjarvörur hérlendis snýst oft um hátt verðlag miðað við önnur lönd. Margir þættir valda háu marvælaverði á Íslandi og einhverjum þeirra verður einfaldlega ekki breytt, eins og legu landsins. Hár flutningskostnaður og smæð markaðarins skipta einnig miklu máli. Staða gjaldmiðilsmála hérlendis hefur einnig áhrif á verðlag og þann þátt er vert að skoða í ljósi umræðu um fjölmyntasamfélag. Ríki fákeppni eða einokun á markaði haga fyrirtæki álagningu þannig að verð er hærra og selt magn minna en ef um fullkomna samkeppni væri að ræða. Afleiðingin er velferðartap fyrir þjóðfélagið vegna ófullkominnar samkeppni. Staða samkeppnismála á dagvörumarkaði hérlendis er oft ofarlega í umræðunni og athyglisvert er að velta því fyrir sér hvort að aukin notkun annarra gjaldmiðla hérlendis sé líkleg til að hafa áhrif á samkeppni. Á dagvörumarkaði á Norðurlöndunum eru starfandi verslanakeðjur sem reka búðir í mörgum löndum.<sup>22</sup> Þó þessar keðjur dreifi neti verslana sinna víða hafa engar slíkar opnað hérlendis og þó smæð markaðarins sé líkleg til að hindra markaðssókn þeirra þá er viðskiptakostnaður vegna íslensku krónunnar einnig möguleg skýring. Tafla 1 sýnir tölur um markaðssamþjöppun á dagvörumarkaði á Norðurlöndum árið 2002. Sé miðað við HHI<sup>23</sup> stuðullinn er markaðssamþjöppun á Íslandi sú þriðja mesta af

---

<sup>22</sup> ICA og Coop Norden eru sænsk fyrirtæki með verslanir í Svíþjóð, Noregi og Danmörku og Kesko frá Finnlandi rekur verslanir í Eyrstrasaltlöndunum, Noregi og Svíþjóð auk starfseminnar í Finnlandi. Aldi og Lidl eru svo dæmi um enn stærri keðjur sem reka þúsundir ofurlágvöruverðsverslana í Evrópu og víðar.

<sup>23</sup> Herfindahl-Hirschman vísitalan (HHI) lýsir markaðssamþjöppun og tekur gildið 10.000 ef aðeins eitt fyrirtæki er á markaðnum og lækkar svo eftir því sem markaðssamþjöppun minnkar.

	HHI	Hlutdeild stærsta	Hlutdeild þriggja stærstu
Svíþjóð	3100	44,8%	91,2%
Danmörk	2900	37,6%	91,2%
Ísland	2800	45,0%	81,0%
Noregur	2600	34,7%	82,0%
Finnland	2500	35,8%	79,6%

**Tafla 1 - Herfindahl-Herschman Index og hlutfallsleg markaðshlutdeild á matvöru markaði á Norðurlöndunum árið 2002<sup>24</sup>**

löndunum fimm og ef horft er á markaðshlutdeild þriggja stærstu er hún eingöngu lægri í Finnlandi, en þar munar ekki miklu. Finnland er eina landið í þessum hóp sem hefur tekið upp evruna, danska krónan fylgir þó gengi evrunnar en hin þrjú löndin reka sjálfstæðan fljótandi gjaldmiðil. Tölurnar benda ekki til þessa að markaðssamþjöppun minnki eftir því sem stærð myntsvæðis eykst heldur eru það líklega aðrir þættir sem valda. Hvað Ísland varðar er líklegt að smæð markaðarins og hár flutningskostnaður hafi veruleg áhrif. Fram kom í máli forsvarsmanna dagvöruverslana sem rætt var við að aðhald samkeppnisaðila hér á landi sé slíkt að sveiflur á gengi krónunnar til skamms tíma hafa lítil áhrif á verð innfluttrar dagvöru. Á það við hvort sem um er að ræða vörur sem verslanirnar flytja sjálfar inn eða eru keyptar af heildsölum.

### 3.5 Ferðaþjónusta

Ferðaþjónustan á Íslandi er enn eitt dæmið um hérlenda atvinnugrein sem býr við beina gengisáhættu. Þjónusta íslenskra fyrirtækja við erlenda ferðamenn er að mörgu leyti eins og útflutningsgrein þó að þjónustan sé að miklu leyti veitt hérlendis. Kostnaðurinn fellur til á Íslandi en tekjurnar eru upprunnar erlendis, hvort sem ferðamaðurinn greiðir með erlendum gjaldeyri eða kaupir fyrst íslenskar krónur. Ferðum Íslendinga erlendis má þá á svipaða hátt líkja við innflutning, þ.e. þar er um að ræða neyslu á erlendum vörum og þjónustu. Greitt er fyrir þá neyslu með því að kaupa fyrst erlendan gjaldeyri fyrir íslenskar krónur. Gengi krónunnar gagnvart erlendum myntum hefur því mikil áhrif á bæði samkeppnishæfni Íslands

<sup>24</sup> Ágúst Einarsson, 2007.



sem ferðapjónustuaðila gagnvart útlöndum en einnig á kostnað Íslendinga við utanlandsferðir. Fyrirtæki innan ferðapjónustunnar hafa með ýmsum hætti aðlagð sína starfsemi að þessu umhverfi. Þau sem selja Íslendingum utanlandsferðir hafa mörg hver þann háttinn á að þær hækka verð þjónustunnar frá því sem samið var um þegar ferðin var fyrst pöntuð ef gengisþróun hefur reynst þeim óhagstæð. Þannig velta þau áhættu yfir á neytandann, gengisáhættu sem fylgir því að semja um kaup á erlendri þjónustu nokkra mánuði fram í tímann.

### 3.6 Greiðslukort auðvelda fjölmyntavæðingu

Notkun greiðslukorta og annarra rafrænna greiðslumiðla er lykilatriði til að almenningur og fyrirtæki geti á auðveldan hátt keypt vörur og þjónustu í annarri mynt en eigin gjaldmiðli. Greiðslukortaviðskipti myndu auðvelda framkvæmd á því ferli sem ætti sér stað við myntbreytingu hér á landi og virðast í raun hafa hraðað aukinni evrunotkun í vöru- og þjónustuviðskiptum hér á landi. Mikil þróun á sér stað hjá útgefendum greiðslukorta og annarra fjársýsluaðila í kortaviðskiptum til að mæta auknum kröfum viðskiptavina um að eiga viðskipti í annarri mynt en íslenskum krónum.

Íslensk fyrirtæki sækjast eftir því í auknum mæli að fá greiðslukortauppgjör sín í evrum samkvæmt upplýsingum frá greiðslukortafyrirtækinu Kortapjónustan ehf. Sérstaklega hefur orðið vart við þetta hjá ferðapjónustufyrirtækjum og hjá heildverslunum sem geta fengið greitt frá smásölum eða öðrum viðskiptavinum sínum í evrum. Að sögn Jóhannesar I. Kolbeinssonar framkvæmdastjóra Kortapjónustunnar ehf. bætast í hverri viku við nýir þjónustuaðilar sem fá greiðslukort með möguleika á að fá uppgert í evrum.<sup>25</sup>

Framkvæmdastjóri Kortapjónustunnar ehf. segir vaxandi áhuga hjá heildsölum og þeim sem flytja vörur til landsins á að fá uppgert í evrum og að fyrirtækin sækist því eftir greiðslukortapjónustu sem geri þetta kleift. Hann telur að þessi þróun aukist í samræmi við getu viðskiptavina til að greiða fyrir vörurnar í evrum. Þannig fá smásöluverslanir tekjur sínar í íslenskum krónum og kjósa því að greiða birgjum frekar í íslenskum krónum en í evrum. Með auknum launagreiðslum í evrum gætu neytendur kosið að greiða fyrir vörur í þeirri mynt og það myndi fjölga óskum um kort með greiðslu í evrum. Þá færi allt greiðsluferlið frá birgja til endanlegs neytenda fram með evrum.

---

<sup>25</sup> Viðtal við Jóhannes I. Kolbeinsson framkvæmdastjóra Kortapjónustunnar ehf. 3. júlí 2008

Þá hefur færst í vöxt að netverslanir og þjónustuaðilar sem selji vörur og þjónustu um netið óski eftir greiðslukortþjónustu með uppgjöri í evrum eða öðrum gjaldmiðli. Þetta á sérstaklega við um íslenskar netverslanir sem selja vörur og ferðaþjónustu til viðskiptavina í öðrum löndum.

Fram hefur komið í fréttum að ferðaskrifstofur sem taka á móti ferðamönnum frá öðrum Evrópulöndum greiða mestan hluta kostnaðar í evrum. Þar veða þyngst lán fyrirtækjanna í evrum auk greiðslna til annarra þjónustuaðila. Þess vegna er mikið hagræði fólgið í því fyrir þessa íslensku ferðaþjónustuaðila að fá einnig greitt í evrum. Nokkur ferðaþjónustufyrirtæki hafa því boðið ferðamönnum að greiða í evrum ef greitt er með kreditkorti. Þetta getur komið sér vel fyrir viðskiptavinina sem margir hverjir eru frá evrulöndum og gera sér betur grein fyrir kostnaðinum sem er verðmerktur í evrum en ekki íslenskum krónum. Gengi krónunnar er oft óstöðugt og erfitt fyrir ferðamenn að halda reiður á skráningu hennar á hverjum tíma. Fyrirkomulagið getur verið með þeim hætti að viðskiptavinir renna kreditkorti sínu í gegnum posa sem sýnir verðið bæði í íslenskum krónum og í evrum og viðskiptavinurinn ræður hvorn gjaldmiðilinn hann velur. Söluaðilinn, sem getur til dæmis verið ferðaþjónustuaðili eða verslun, fær uppgert í þeirri mynt sem viðskiptavinurinn valdi.

Fulltrúar ferðaskrifstofunnar Katla travel telja að tveir þriðju ferðaþjónustunnar í landinu fái þegar greitt í erlendri mynt.<sup>26</sup> Meðal þeirra fyrirtækja sem tekið hafa í notkun þessa nýju tækni er Katla travel. Fyrirtækið greiðir ekkert nema laun í íslenskum krónum að sögn forráðamanna, en væntanlega greiðir fyrirtækið einnig skatta og önnur opinber gjöld í íslenskum krónum.

Þau fyrirtæki sem greiða meginhluta gjalda sinna í evrum og fá tekjur sínar greiddar í evrum eru ekki nema að takmörkuðu leyti háð gengissveiflum íslensku krónunnar og gætu allt eins haft starfsemi sína í öðru Evrópulandi ef ekki væri fyrir þau rekstrarskilyrði sem hér eru annað hvort sem er vegna lagaumhverfis eða annarra þeirra kosta sem Ísland býður þeim. Því fleiri fyrirtæki sem haga rekstri sínum á þann hátt að nota evrur í stað íslenskra króna þeim mun veikari verður grundvöllur krónunnar sem gjaldmiðill.

Samkvæmt upplýsingum frá greiðslukortafyrirtækjunum Valitor hf. (VISA) og Borgun hf. (EuroCard o.fl.) er líklegt að einstaklingar hér á landi geti innan skamms fengið útgefin

---

<sup>26</sup> Ferðaþjónustan kastar krónunni, 2008.

greiðslukort í evrum eða öðrum gjaldmiðli<sup>27</sup>. Í því felst að viðkomandi einstaklingur greiðir kortareikning sinn með evrum eða í þeirri mynt sem kortaútgefandi hefur gefið heimild fyrir. Þetta gæti til dæmis verið valkostur fyrir þá sem fá greidd laun í evrum eða telja að viðskiptin verði á einhvern hátt hagkvæmari með því að greiða í evrum. Samkvæmt upplýsingum frá greiðslukortafyrirtækjunum er aukin eftirspurn eftir slíkum kortum frá einstaklingum.

Samkvæmt upplýsingum frá fulltrúum stærstu verslunarfyrtækja landsins er sáraeinfalt mál að nota núverandi kassakerfi og viðskiptahugbúnað þó skipt væri um gjaldmiðil. Val á gjaldmiðli hefur lítil áhrif á starfsemi verslana. Ekki skiptir máli fyrir verslanir hvort viðskiptavinur greiðir með korti sem gefið er út á Íslandi eða í einhverju öðru landi. Söluaðilinn, þ.e. verslunin, fær greitt í íslenskum krónum og greiðslukortafyrirtækið sér um gjaldeyrisviðsnúning þannig að viðskiptavinurinn greiðir í sínum eigin gjaldmiðli.

### 3.7 Greiðslukortauppgjör milli landa

Stjórnvöld og hagsmunasamtök víða um heim beita sér fyrir því að minnka kostnað við fjármagnsflutninga milli landa þegar viðskipti eiga sér stað. Þetta er einmitt ein af meginástæðunum fyrir hinu sameiginlega evrópska myntsvæði. Ekki hefur enn tekist að afnema þennan kostnað, jafnvel ekki innan evrusvæðisins. Í þessum tilgangi hefur verið komið á laggirnar sérstökum samtökum, The Single Euro Payment Area, sem hefur það að markmiði að rafrænar greiðslur eins og greiðslur með greiðslukortum milli evrulanda beri sama kostnað og greiðslur innan hvers lands. Í þessu felst meðal annars að greiðslukortafyrirtæki geti ekki lengur innheimt þóknunir af söluaðilum eins og verslunum þó einstaklingur með greiðslukort fari til annars evrulands og kaupir þar vörur og noti til þess greiðslukort sitt. Enn í dag innheimta greiðslukortafyrirtækin þóknun (e. inter change fee) vegna fjármagnsflutninga af fyrirtækjunum þegar slík viðskipti eiga sér stað.

Á evrusvæðinu gildir einn gjaldmiðill sem felur í sér að þegar viðskiptavinur greiðir einhvers staðar á svæðinu fyrir vörur sínar með reiðufé (evrum) þá er verðgildi þeirra óháð því hvaðan viðskiptavinurinn er (heimaland neytanda), hvaðan evrurnar hans koma (land laungreiðanda) o.s.fr.v.. Sömu sögu er ekki að segja ef greitt er með öðru en reiðufé, t.d. greiðslukorti. Þá er staðan sú að bankar og greiðslukortafyrirtæki taka þóknun fyrir að gera upp viðskipti milli landa svo að þessu leyti er evrusvæðið því ekki sameinað og einsleitt. Ef bóksali í París selur

---

<sup>27</sup> Viðtal við Höskuld H. Ólafsson, framkvæmdastjóra Valitors (rekstraraðili Visa á Íslandi) 16. júlí 2008

tveimur mönnum bók, annar greiðir með greiðslukorti frá Frakklandi en hinn með kort tengdu bankareikningi í Þýskalandi, þá fær bóksalinn lægra verð fyrir bókina frá þeim með þýska kortið þegar allt er talið. Kortafyrirtæki Þjóðverjans tekur þóknun fyrir að millifæra peningana til Frakklands, og algengast er að sá kostnaður falli á söluaðilann.

Nokkuð hefur orðið ágengt innan SEPA að lækka þennan kostnað, meðal annars með aðstoð evrópskra stjórnvalda og dómstóla. Áfram er þó unnið að því að ná jöfnuði í þessu máli og hafa EuroCommerce, evrópsku hagsmunasamtök verslunarinnar verulega látið málið til sín taka.

## 4. Hvert stefnum við?

Líklegt er að fjölmyntavæðing hérlendis gerist í nokkrum skrefum, þar sem eitt leiðir af öðru. Nú þegar hefur hlutfall gengisbundinna skulda heimilanna aukist talsvert og hefur því myndast eftirspurn eftir launum í erlendri mynt. Nokkur fyrirtæki og aðilar vinnumarkaðarins hafa brugðist við en þróunin er skammt á veg komin. Þau fyrirtæki sem hafa tekjur fyrst og fremst í erlendri mynt geta séð sér hag í því að gengisbinda laun starfsmanna sinna að hluta eða öllu leiti. Í bók sinni, Hvað með evruna?, benda Eiríkur Bergmann Einarsson og Jón Þór Sturluson á að sjómenn á Íslandi hafa árum saman þegið laun sem eru beintengd erlendum gjaldmiðlum. Launin ráðast af því hvað fæst fyrir aflann sem er seldur erlendis.

Í viðskiptum milli fyrirtækja hérlendis er sá háttur víða hafður á að gengisbinda vöruverð, þá helst þegar um er að ræða innfluttar vörur. Fyrirtækjum hérlendis er heimilt að gefa út reikninga í erlendum gjaldmiðli en algengast er að reikningar séu gerðir í íslenskum krónum miðað við gengi hverju sinni gagnvart erlendu myntinni. Standa þarf þó skil á sköttum og gjöldum til hins opinbera í íslenskum krónum og því skiptir máli hvert gengi krónunnar er gagnvart erlendu myntinni þegar reikningurinn er gerður. Helst eru það þau fyrirtæki sem búa við beina gengisáhættu sem þá velta henni yfir á viðskiptavini sína frekar en að bera hana sjálf. Á þennan hátt, fyrst og fremst gegnum vöruviðskipti en einnig launagreiðslur, seytlar erlend mynt inn í hagkerfið. Þessi þróun er eðlileg í kjölfar þess að Ísland varð aðili að innri markaði Evrópu. Þar er evran ráðandi gjaldmiðill og hún er einnig langveigamest í utanríkisviðskiptum Íslands. Fjölmyntavæðing Íslands er því hafin og hún er drifin áfram af atvinnulífinu, fyrirtækjum og launþegum sem nýta sér það viðskiptafrelsi sem veitt er við útlönd.

Til að fyrirtæki á vörumarkaði hérlendis geti boðið sömu þjónustu og áður en nú fyrir fleiri en einn gjaldmiðil þá þyrfti að mati forsvarsmanna verslananna hvorki mikla fyrirhöfn né fjárfestingu af þeirra hálfu. Það er einfalt mál að nota núverandi afgreiðslukerfi og hugbúnað sem heldur utan um birgðabókhald, sölureikninga og annað slíkt. Meðal þess sem einnig liðkar fyrir þróun af þessu tagi er að notkun greiðslukorta er almenn hérlendis. Nú þegar er hafin greiðslukortapjónusta hérlendis sem býður söluaðilum uppgjör á greiðslukortaviðskiptum í annarri mynt en íslenskri krónu. Ferðapjónustufyrirtæki eru áberandi í hópi þeirra sem veita slíka þjónustu, eðli málsins samkvæmt.

## 5. Samantekt og niðurstöður

Á Íslandi hefur enn ekki orðið til fjölmyntasamfélag en þróunin hefur verið sú undanfarin ár að notkun erlendra gjaldmiðla í viðskiptum hérlendis fer vaxandi. Meðal ástæðna er smæð íslensku krónunnar í alþjóðlegum samanburði, hátt vægi utanríkisviðskipta í landsframleiðslunni og mikið frelsi í viðskiptum við útlönd, fyrst og fremst fyrir tilstuðlan EES samningsins. Krafa fyrirtækja á vörumarkaði um upptöku annars gjaldmiðils er hávær og stafar af óhagræði sem fylgir því að nota jafn smáa og sveiflukennda mynt og íslensku krónuna. Lítið er af erlendu reiðufé í umferð hérlendis en erlend kreditkort eru meira notuð og fyrirtækjum býðst nú sá kostur að gera greiðslukortaviðskipti upp í erlendri mynt. Slíkt er algengt meðal fyrirtækja í ferðaþjónustu. Íslenskir neytendur hafa jafnan íslenskar krónur milli handanna en í kjölfar aukinnar skuldsetningar heimila í erlendri mynt hafa launþegar sóst eftir launum í t.d. evrum til að draga úr áhættu vegna gengissveiflna. Nái launagreiðslur í erlendri mynt verulegri útbreiðslu hér á landi mun fjölmyntavæðing aukast hratt því hindranir fyrir notkun annarra gjaldmiðla í verslun hérlendis eru litlar. Litlar breytingar þyrftu að eiga sér stað innan verslana þó annar gjaldmiðill næði verulegri útbreiðslu við hlið krónunnar. Skil á sköttum og opinberum gjöldum munu þó áfram fara fram í íslenskum krónum og evruvæðing launagreiðslna mun seint ná til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga. Töluverð umsvif ríkisrekstursins í hagkerfinu gætu því orðið sá þáttur sem helst héldi aftur af fjölmyntavæðingunni.

## 6. Heimildaskrá

- Ágúst Einarsson. (2007). The retail sector in the Nordic countries: a comparative analysis. *Bifröst Journal of Social Science*, 1, 31-42.
- Baldwin, R. (2006). *In or out: Does it matter? An evidence based analysis of the euro's trade effects*. Centre for Economic Policy research (CEPR).
- Baye, M.R., Gatti, J.R.J., Kattuman, P. og Morgan, J. (2006). Did the euro foster online price competition? Evidence from an international price comparison site. *Economic Inquiry*, 44(2), 265-279.
- Björn Bjarnason. (2008). *Evrúaðild – Guðnaráð – Nýfrjálshyggja*. Sótt 12. september 2008 af <http://bjorn.is/pistlar/2008/07/12/nr/453>.
- Euro notes cash in to take over dollar. (2006, 27. desember). *Financial Times*. Sótt 3. september 2008 af <http://www.ft.com/cms/s/0/18338034-95ec-11db-9976-0000779e2340.html>.
- Ferðaþjónustan kastar krónunni. (2008, 17. maí). *Fréttablaðið*, bls. 1.
- Fjármálaráðuneytið. (2007). Könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna 2006, niðurstöður. Sótt 28. nóvember 2008 af <http://www.fjarmalaraduneyti.is/starfsmenn-rikisins/almennt/konnun/>.
- Reglugerð um viðmiðunarfrjárhæðir vegna opinberra innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu og samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkäu*. nr. 807/2007.
- Hagstofa Íslands. (á.á.) *Vísitala neysluverðs eftir eðli og uppruna frá 2008*. Sótt 18. júlí 2008 af <http://hagstofa.is/Hagtolar/Verdlag-og-neysla/Visitala-neysluverds>.
- Lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins* nr. 57/2005.
- Lög um breytingu á lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðsins* nr. 57 20. Maí 2005 með síðari breytingum nr. 50/2008.
- McKinnon, R. (2000). *Mundell, the Euro, and Optimum Currency Areas*. Vinnugrein. Stanford University, Department of Economics, Stanford.
- Neytendasamtökin. (2008). *Dýrt að taka út eigið fé*. Sótt 18. júlí 2008 af [http://www.ns.is/rettindi\\_neytenda/?ew\\_news\\_onlyarea=content1&ew\\_news\\_%20onlyposition=3&cat\\_id=62640&ew\\_3\\_a\\_id=310456](http://www.ns.is/rettindi_neytenda/?ew_news_onlyarea=content1&ew_news_%20onlyposition=3&cat_id=62640&ew_3_a_id=310456).
- Reglur um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar* nr. 725/2008.
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (2008). *Árbók sveitarfélaga 2007*. Sótt 28. ágúst 2008 af <http://www.samband.is/files/877258397Grein%20í%20árbók%2007.pdf>.

Samtök atvinnulífsins. (2008). *Látið reyna á upptöku evru*. Sótt 2. september 2008 af <http://www.sa.is/frettir/almennar/nr/4173/>

Samtök verslunar og þjónustu. (2008). *Fréttatilkynning um stefnu SVP í Evrópumálum*. Sótt 1. september 2008 af <http://www.svth.is/content/view/522/97/>.

Swiss Federal Statistical Office FSO. (2008). *FSO Statistical yearbook 2008*. Neuchâtel, Switzerland: Swiss Federal Statistica Office.

Verðskrá fyrir reikisímtöl í evrum. (2008, 19. mars). *mbl.is*. Sótt 18. júlí 2008 af [http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2008/03/19/verdiskra\\_fyrir\\_reikisimtol\\_i\\_evrum/](http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2008/03/19/verdiskra_fyrir_reikisimtol_i_evrum/)







**BIFRÖST UNIVERSITY**

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

[WWW.BIFROST.IS](http://WWW.BIFROST.IS)